

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 164/2022

2022/EES/61/76

frá 29. apríl 2022

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum
utan marka fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 86. gr. og 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að auka umfang samstarfs aðilanna að EES-samningnum þannig að það taki til framseldar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/268 frá 28. október 2020 um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/841 að því er varðar viðmiðunargildi fyrir skóga sem aðildarríki eiga að beita á tímabilinu 2021–2025 ⁽¹⁾.
- 2) Bókun 31 við EES-samninginn er því breytt í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á a-lið 8. mgr. 3. gr. bókunar 31 við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi er bætt við í fyrsta undirlið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2018/841):

„, breytt með:

- **32021 R 0268:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/268 frá 28. október 2020 (Stjtíð. ESB L 60, 22.2.2021, bls. 21).“

2. Aðlögunartexti viii) í fyrsta undirlið er endurtölusettur sem aðlögunartexti ix).

3. Eftirfarandi aðlögunartexta er bætt við á eftir aðlögunartexta vii):

„viii) Eftirfarandi bætist við töfluna í C-hluta IV. viðauka:

„Ísland -30 405

Noregur -26 085 000““

2. gr.

Texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2021/268, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, er gildur á íslensku og norsku.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 30. apríl 2022, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 60, 22.2.2021, bls. 21.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 29. apríl 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Nicolas von Lingen

formaður.